# Reitir fasteignafélag hf.

# Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
# 1. janúar til 31. mars 2016

Reitir fasteignafélag hf.
Kringlan 4-12
103 Reykjavík

Kt. 711208-0700

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .......... 3

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .......... 4

Efnahagsreikningur .......... 5

Eiginfjáryfirlit .......... 6

Sjóðstreymisyfirlit .......... 7

Skýringar .......... 8

Ársfjórðungsyfirlit .......... 11

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Starfsemi Reita fasteignafélags hf. er eignarhald, útleiga og umsýsla atvinnuhúsnæðis sem að stærstum hluta er verslunar- og skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samstæða félagsins samanstendur af móðurfélaginu, Reitum fasteignafélagi hf., og tíu dótturfélögum sem öll eru 100% í eigu móðurfélagsins. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam heildarhagnaður af rekstri samstæðunnar 919 millj. kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016. Eigið fé samstæðunnar í lok mars var 46.102 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Í byrjun apríl tók félagið yfir fasteignafélög sem áður höfðu verið í rekstri Stefnis hf. Kaupverð eignanna nam um 16.220 millj. kr., er að fullu fjármagnað með lánsfé, og munu þessi félög verða hluti af samstæðunni frá og með 1. apríl 2016.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í Reitum fasteignafélagi hf. 1.921 en þeir voru 2.181 í ársbyrjun.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur félagsins gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2016 og rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi gott yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og, í samhengi við ársreikning samstæðunnar, lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Reita fasteignafélags hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. maí 2016.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 31. mars 2016

| | Skýr. | 2016<br>1.1. -31.3. | 2015<br>1.1. -31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur og rekstrargjöld** | | | |
| Leigutekjur | | 2.243 | 2.112 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | 5 | ( 562) | ( 492) |
| **Hreinar leigutekjur** | | 1.681 | 1.620 |
| Stjórnunarkostnaður | | ( 137) | ( 106) |
| Kostnaður vegna skráningar | | 0 | ( 87) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.544 | 1.427 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 7 | 417 | 271 |
| **Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | 1.961 | 1.698 |
| Fjármunatekjur | | 39 | 52 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 855) | ( 691) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | 6 | ( 816) | ( 639) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 1.145 | 1.059 |
| Tekjuskattur | | ( 226) | ( 225) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 919 | 834 |
| **Hagnaður á hlut** | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 1,24 | 1,11 |

Skýringar á blaðsíðum 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 31. mars 2016

| | Skýr. | 31.3.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fjárfestingareignir | 7 | 111.403 | 110.947 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 631 | 735 |
| Bundið fé | | 637 | 538 |
| Handbært fé | | 2.267 | 582 |
| Veltufjármunir | | 3.535 | 1.855 |
| **Eignir samtals** | | 114.938 | 112.802 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 738 | 744 |
| Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár | | 27.956 | 28.467 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | | 0 | 6.822 |
| Óráðstafað eigið fé | | 17.408 | 10.703 |
| Eigið fé | 8 | 46.102 | 46.736 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 56.135 | 55.108 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 8.304 | 8.078 |
| Langtímaskuldir | | 64.439 | 63.186 |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 3.285 | 2.050 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 1.112 | 830 |
| Skammtímaskuldir | | 4.397 | 2.880 |
| Skuldir samtals | | 68.836 | 66.066 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 114.938 | 112.802 |

Skýringar á blaðsíðum 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 31. mars 2016

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur innborgaðs hlutafjár | Mats-breyting fjárfestingar-eigna | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 31. mars 2015** | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2015 | 751 | 29.069 | 1.670 | 8.458 | 39.948 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | 217 | 617 | 834 |
| Útgefið nýtt hlutafé | 4 | 187 | | | 191 |
| Eigið fé 31. mars 2015 | 755 | 29.256 | 1.887 | 9.075 | 40.973 |
| **1. janúar - 31. mars 2016** | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2016 | 744 | 28.467 | 6.822 | 10.703 | 46.736 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | 919 | 919 |
| Millifært | | | ( 6.822) | 6.822 | 0 |
| Greiddur arður | | | | ( 1.036) | ( 1.036) |
| Endurkaup á eigin bréfum | ( 6) | ( 511) | | | ( 517) |
| Eigið fé 31. mars 2016 | 738 | 27.956 | 0 | 17.408 | 46.102 |

Skýringar á blaðsíðum 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. mars 2016

| | Skýr. | 2016<br>1.1.-31.3. | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 919 | 834 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Hrein fjármagnsgjöld | 5 | 816 | 639 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 7 | ( 417) | ( 271) |
| Tekjuskattur | | 226 | 225 |
| | | 1.544 | 1.427 |
| Skammtímakröfur, breyting | | 23 | 12 |
| Skammtímaskuldir, breyting | | 231 | ( 27) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 254 | ( 15) |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 34 | 14 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 544) | ( 565) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.288 | 861 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | | ( 36) | ( 192) |
| Söluverð fjárfestingareigna | | 0 | 18 |
| Aðrar kröfur, breyting | | ( 36) | 13 |
| Bundið fé, breyting | | ( 98) | ( 91) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 170) | ( 252) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 2.326 | 0 |
| Afborganir langtímalána | | ( 316) | ( 502) |
| Nýtt hlutafé | | 0 | 191 |
| Endurkaup á eigin bréfum | | ( 517) | 0 |
| Aðrar kröfur, breyting | | 113 | 0 |
| Greiddur arður | | ( 1.036) | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 570 | ( 311) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 1.688 | 298 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | | ( 3) | ( 8) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 582 | 506 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 2.267 | 796 |

Skýringar á blaðsíðum 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Skýringar

1. **Félagið**
   Reitir fasteignafélag hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Kringlunni 4-12, Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem eru, Reitir I ehf., Reitir II ehf., Reitir III ehf., Reitir IV ehf., Reitir V ehf., Reitir VI ehf., Reitir VII ehf., Reitir VIII ehf., Reitir Hótel Ísland ehf. og Reitir þjónusta ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar" og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga".

2. **Grundvöllur reikningsskilanna**
   *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðum sé fylgt*
   Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2015.

   Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 19. maí 2016.

3. **Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**
   Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.reitir.is.

   Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins og eru allar fjárhæðir birtar í milljónum króna. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að fjárfestingareignir félagsins eru metnar gangvirði.

4. **Mat og ákvarðanir**
   Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

5. **Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna**

| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna greinist þannig: | **2016**<br>**1.1.-31.3.** | **2015**<br>**1.1.-31.3.** |
|---|---|---|
| Fasteignagjöld | 373 | 327 |
| Viðhald og endurbætur | 112 | 117 |
| Vátryggingar | 22 | 21 |
| Virðisrýrnun krafna | 29 | 3 |
| Annar rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | 26 | 24 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna alls | 562 | 492 |

6. **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**
   Fjármunatekjur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 37 | 18 |
| Gengishagnaður gjaldmiðla | 2 | 34 |
| Fjármunatekjur alls | 39 | 52 |

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld | ( 592) | ( 533) |
| Verðbætur | ( 246) | ( 144) |
| Önnur fjármagnsgjöld | ( 16) | ( 14) |
| Fjármagnsgjöld alls | ( 854) | ( 691) |
| | | |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 815) | ( 639) |

## 7. Fjárfestingareignir

| Fjárfestingareignir greinast þannig: | 31.3.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Fasteignir | 107.114 | 106.658 |
| Byggingaréttir | 4.289 | 4.289 |
| Fjárfestingareignir alls | 111.403 | 110.947 |

Við ákvörðun á gangvirði fjárfestingareigna er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt söluverð kann að verða frábrugðið þessu mati.

Fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 40 Fjárfestingareignir* og alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IFRS 13 Mat á gangvirði*. Allar fjárfestingareignir samstæðunnar falla undir 3. þrep í flokkunarkerfi gangvirðismats og eru metnar sem slíkar.

Við mat á fjárfestingareignum er notuð sama aðferðarfræði og í samstæðuársreikningi félagsins. Matið tekur mið af ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa á markaði. Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) í matinu er óbreyttur frá áramótum (2016 3M: 6,4%, 2015 12M: 6,4%).

Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikningi. Hækkun á mati fjárfestingareigna nam 417 millj. kr. á tímabilinu (2015: 274 millj. kr.).

## 8. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins í lok ársfjórðungsins nemur 755 millj. kr. að nafnvirði. Við lok fjórðungsins átti félagið eigin hlutabréf að nafnvirði 16 millj. kr., þar af að nafnvirði 14 millj. kr. sem aðalfundur 15. mars hafði tekið ákvörðun um að notað skyldi til lækkunar á hlutafé. Lækkun hlutafjárins kom til framkvæmda 8. apríl 2016.

Í gildi er endurkaupaáætlun um kaup á eigin bréfum sem framkvæmd er í samræmi við heimild hluthafafundar, hlutafélagalög nr. 2/1995 og viðauka við reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Sér Arctica Finance hf. um framkvæmd hennar. Á fyrsta ársfjórðungi 2016 keypti félagið eigin bréf að nafnverði 6 millj. kr. fyrir samtals 517 millj. kr.

Arðgreiðsla að fjárhæð 1.036 millj. kr. sem samþykkt var á aðalfundi 15. mars var greidd til hluthafa í lok fjórðungsins.

Matsbreyting fjárfestingareigna er nú færð á óráðstafað eigið fé, þar sem í rekstrarreikningi er ekki gerður greinarmunur á afkomu vegna matsbreytingu fjárfestingareigna og annarri afkomu. Matsbreyting í upphafi árs er millifærð á óráðstafað eigið fé til samræmis við það.

## 9. Vaxtaberandi skuldir

| *Langtímaskuldir* | 31.3.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| *Innan tryggingarfyrirkomulags* | | |
| Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir | 26.529 | 26.544 |
| Skuldabréfaútgáfa | 31.497 | 29.284 |
| | 58.026 | 55.828 |
| *Utan tryggingarfyrirkomulags* | | |
| Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir | 901 | 906 |
| Skuldabréfaútgáfa | 1.069 | 1.065 |
| | 1.970 | 1.971 |
| Vaxtaberandi skuldir alls án lántökukostnaðar | 59.996 | 57.799 |

9. Vaxtaberandi skuldir, frh.

| *Langtímaskuldir, frh.* | 31.3.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir langtímalána | ( 2.472) | ( 1.232) |
| Gjaldfallnar afborganir og vextir | ( 813) | ( 818) |
| Eignfærður lántökukostnaður | ( 576) | ( 641) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir alls | 56.135 | 55.108 |
| *Skammtímaskuldir* | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 2.472 | 1.232 |
| Gjaldfallnar afborganir og vextir | 813 | 818 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir alls | 3.285 | 2.050 |
| Vaxtaberandi skuldir alls | 59.420 | 57.158 |

Mismunur á gangvirði og bókfærðu virði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

**Ársfjórðungsyfirlit**

| | 1F 2016 | 4F 2015 | 3F 2015 | 2F 2015 | 1F 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur og rekstrargjöld** | | | | | |
| Leigutekjur | 2.243 | 2.307 | 2.298 | 2.210 | 2.112 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | ( 562) | ( 534) | ( 516) | ( 578) | ( 492) |
| **Hreinar leigutekjur** | 1.681 | 1.773 | 1.782 | 1.632 | 1.620 |
| Stjórnunarkostnaður | ( 137) | ( 136) | ( 106) | ( 107) | ( 106) |
| Kostnaður vegna skráningar | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 87) |
| **Rekstrarhagnaður** | 1.544 | 1.637 | 1.676 | 1.525 | 1.427 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 417 | 1.474 | 2.313 | 2.490 | 271 |
| **Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | 1.961 | 3.111 | 3.989 | 4.015 | 1.698 |
| Fjármunatekjur | 39 | 29 | 46 | 23 | 52 |
| Fjármagnsgjöld | ( 855) | ( 235) | ( 1.158) | ( 1.445) | ( 691) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | ( 816) | ( 206) | ( 1.112) | ( 1.422) | ( 639) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 1.145 | 2.905 | 2.877 | 2.593 | 1.059 |
| Tekjuskattur | ( 226) | ( 729) | ( 565) | ( 518) | ( 225) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | 919 | 2.176 | 2.312 | 2.075 | 834 |